



Leikskólinn Gimli



**Starfsáætlun leikskólans
Fyrir skólaárið 2023-2024**



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Um leikskólann	3
Tölulegar upplýsingar – börn	5
Starfsmannamál	6
Faglegar áherslur	7
Kynjanámskrá	8
Fræðsla/þróun/nýbreytni	9
Heilsueflandi leikskóli	12
Mat og umbætur	15
Samstarf við nærsamfélagið	16
Umsögn foreldraráðs	18
Lokaorð	20



Um leikskólann

Leikskólinn Gimli er til húsa að Hlíðarvegi 7, 260 Ytri Njarðvík. Skólastýra á komandi starfsári er S.Karen Valdimarsdóttir. Skólaárið 2023 til 2024 er 52 starfsár leikskólans.

Leikskólinn var stofnaður af Kvenfélagi Njarðvíkur haustið 1971 undir forystu Guðlaugar Karvelsdóttur sem jafnframt var formaður félagsins. Guðríður Helgadóttir fyrrverandi leikskólafulltrúi Reykjanesbæjar var fyrsta leikskólastýra skólans og er Gimli næst elsti leikskólinn í Reykjanesbæ.


Bæjarfélagið tók við rekstrinum af Kvenfélagi Njarðvíkur en um tíma var leikskólinn í einkarekstri. Síðan tók bæjarfélagið aftur við rekstrinum, byggt var við leikskólann sumarið 1996 og viðbyggingin formlega tekin í notkun í september sama ár. Laus kennslustofa var sett við leikskólann haustið 2006 og er skólinn nú 5 kjarna/deilda leikskóli.

Þann 30. desember árið 2004 gerði undirrituð þjónustusamning við Reykjanesbæ og stofnaði fyrirtækið Karen ehf. og er sá samningur enn í gildi. Frá árinu 1999 hefur leikskólinn starfað eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar og er Karen ehf. með fagsamning við Hjallastefnuna ehf. sem veitir Gimli aðgang að allri þeirri þjónustu sem Hjallastefnan hefur upp á að bjóða. Þar er lögð áhersla á einfalt og jákvætt starfsumhverfi sem einkennist af vináttu, kærleika, virðingu og gleði. Kjarnarnir/deildirnar eru kynja- og aldursskiptir. Skólinn hefur notið góðs af faglegri leiðsögn Margrétar Pálu Ólafsdóttur en hún er höfundur Hjallastefnunnar.

Hátt hlutfall fagmenntunar meðal starfsfólks, menntandi vinnumhverfi fyrir bæði starfsfólk og börn, virk foreldraþátttaka og elskulegt andrúmsloft eru þeir þættir í starfinu okkar sem við erum stoltust af og skila okkur þeim árangri sem við sækjumst eftir; ánægðum börnum, foreldrum og starfsfólki.



*Einkunnarorð Gimlis eru:
„Kærleikur og agi haldast hönd í hönd“
og einkennist allt starf leikskólans
af þessum orðum.*




Eins og áður hefur verið nefnt er elskulegt andrúmsloft sá þáttur í starfinu sem leikskólinn er einna ánægðastur með. Það er alltaf tekið á móti börnunum sem og öðrum gestum með hlýju og brosi á vör. Mikið er lagt upp úr því að hugtakið virðing sé virt og að virðing einkenni öll samskipti milli barna, starfsfólks og foreldra. Góð samskipti og umhyggja skapa vellíðan og eru lykilatriði í leikskólastarfinu, þessir þættir hafa mikil áhrif á það hvernig heilbrigð sjálfsmynd barns þroskast. R-in þrjú í Hjallastefnunni þ.e. röð, regla, rútína skapa börnunum mikið öryggi sem hefur síðan áhrif á vellíðan þeirra.




Tölulegar upplýsingar – börn

Fjöldi barna er 77 - 46 stúlkur og 31 drengir. Dvalarstundir eru 751,80 pr. dag og eru flest börnin í 8 tíma vistun eða meira eða alls 73 börn. Að auki eru 4 börn í 7 eða 7,5 tíma vistun.



Fjöldi þeirra barna sem fyrirsjáanlegt er að njóti sérkennslu: 5 stúlkur og 3 drengir.



Fjöldi barna sem hafa íslensku sem annað eða þriðja mál: 8 börn.




Starfsmannamál

Starfsfólk leikskólans Gimlis næsta skólaár eru 24. Fagmenntað starfsfólk er 50 % og þar af eru 7 leikskólakennarar. 1 með master, 2 með diplóma, 1 með Ba í sálfræði, 1 með háskólamenntun á sviði uppeldis og menntunnar og ein sem útskrifast í sama námi vorið 2024.

Megin partur leiðbeinenda er með stúdentspróf sem og víðtæka reynslu af uppeldis-og menntamálum.

Gimli er ríkur af mannauði sem er með fjölbreytta reynslu og þekkingu að baki. Mikill stöðugleiki og samvinna er í starfsmannahópnum sem gerir leikskólastarfið framsækið og metnaðarfullt.





Faglegar áherslur

Leikskólinn Gimli starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Hugmyndafræðin byggir í stórum dráttum á hugsjónum um jafnrétti og velferð og henni er lýst í a) skólanámskrá leikskólans, b) í bókinni „Æfingin skapar meistarann“ eftir Margréti Pálu Ólafsdóttur höfund stefnunnar, c) í ýmsum ritum útgefnum af Hjallastefnunni ehf. d) fræðsluvef á heimasíðu.

*Við vöndum val á efnivið sem sérstaklega er ætlaður fyrir mál- og orðaforðakennslu barna á leikskólaaldri. Námsefnið Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein, Tölum saman eru dæmi um þann efnivið sem unnið er með. *Gimli er móðurskóli Leikur að læra sem er kennsluaðferð í gegnum hreyfingu og leik.**

Leikskólinn starfar á grundvelli Aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011 og er útfærslum á markmiðum hennar lýst í skólanámskrá leikskólans í myndrænu formi á vef leikskólans www.gimli.hjalli.is

Auk Hjallastefnunnar og lögbundinna áhersluþátta í Aðalnámskrá leikskóla á leikskólinn Gimli sér sínar sérstöku áherslur.

Á reglulegum lotufundum yfir skólaárið er farið yfir kynjanámskrá Hjallastefnunnar, þar sem áhersluþættir tengdir lotum/þemu eru markvisst unnir mánaðarlega.



Kynjanámskrá

Kjarnar leikskólans eru aldurs- og kynjaskiptir. Kynjaskiptingin felst í þremur meginþáttum. Í fyrsta lagi er kynjaskilningur Hjallastefnunnar á því innbyggða kynjamisrétti sem hamlar réttlæti og lýðræði í samfélagi okkar. Í öðru lagi er kynjanámskráin leið til að leggja okkar af mörkum til að efla og auka möguleika og rétt bæði stúlkna og drengja í daglegu skólastarfi. Í þriðja lagi er kynjafræðsla þar sem unnið er á vitsmunalegum grunni að því að hamla gegn staðalmyndum kynjanna og skapa nýjan skilning hjá báðum kynjum.

Kynjanámskráin litar allt starf leikskólans bæði í starfi og samskiptum með börnum, starfsfólki og foreldrum. Til að styrkja kynjanámskrána í sessi eru sérstakir þættir hennar teknir fyrir í sérstökum lotum.

Loturnar eru sex og styrkja annars vegar félagslega færni og hins vegar einstaklingsfærni beggja kynja.

Í Hjallastefnunni er talað um hugtak sem kallast uppbótarvinna en í því felst að stúlkur þarfnist meiri styrkingar í einstaklingsþáttum og má þar nefna sjálfstæði, jákvæðni, kjark og frumkvæði á meðan félagsfærni þeirra er styrkt af samfélaginu öllu. Síðan þarfnast drengir meiri styrkingar en þeir fá venjulega á sviði félagslegrar hæfni og ber þar hæst þjálfun í viðeigandi hegðun, samstöðuæfingar t.d. gegn einelti og þjálfun í vináttu og nálægð.

Kynjanámskránni fylgja markvissar samskiptaæfingar kynjanna eða svonefnd kynjablöndun þar sem samvinna, samvera og síðast en ekki síst, gagnkvæm virðing á milli kynjanna er þjálfuð.

Utan blöndunartíma ber síðan að ræða jákvætt og upphefjandi um hitt kynið og bregðast hratt við ef neikvæð ummæli heyrast um það í heild. Endanlegt markmið kynjaskipts skólastarfs er kynjablandað samfélag þar sem stúlkur og drengir, menn og konur geta leikið saman, unnið saman, búið saman og enginn geldur fyrir kynferði sitt. Þá mun áhugi hvers og eins ráða ferðinni fremur en hefðbundnar kynjamyndir (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2012). Sjá nánar í handbók Hjallastefnunnar <http://www.hjalli.is>



Fræðsla/þróun/nýbreytni

Leikskólinn Gimli stendur fyrir öflugum samstarfi við Hjallastefnuna um starfsþróun og símenntun starfsfólks en að auki gefst starfsfólki kostur á að sækja sér menntun og starfsþekkingu úr öðrum áttum og hvetur leikskólinn Gimli starfsfólk sitt eindregið til þess. Fræðsluskrifstofa Rnb. hefur einnig verið ötul við að bjóða starfsfólki upp á fróðleg námskeið sem vel eru sótt.

Árlegar ráðstefnur - Hjallastefnan er með árlega ráðstefnu þar sem fræðsla, þróun og uppbygging er í hávegum höfð. (Leikur að læra) hefur einnig verið með árlega ráðstefnu þar sem fram fer fræðsla sem nýtist starfsfólki vel í þróu fagstarfið okkar. Báðar ráðstefnurnar eru á haustönn og því öflug og góð hvatning fyrir allt okkar starfsfólk að efla sig og gera enn betur í leik og starfi.

Á vormánuðum árið 2020 fengum við styrk frá Nýsköpunar - og þróunarsjóði Reykjanesbæjar fyrir verkefnið Jóga í vettvangsferðum. Það var ánægjulegt að geta hrint verkefninu úr vör á stórafmælisári leikskólans haustið 2021.

Í nútíma samfélagi þar sem hraðinn er oft á tíðum mikill og ýmis áreiti dynja á okkur þá er dýrmætt að kunna aðferðir til að slaka á og vera í núvitund.

Frá árinu 2007 hefur jóga verið ein af námsleiðum skólans og hafa allir nemendur á Gimli farið í skipulagðar jógaundir 1x í viku á sínum kjarna/deild með Sigurbjörgu E.Gunnarsdóttur (Sibbu) leikskólakennara og jógaleiðbeinanda barna á Gimli.

Í jóga er iðkuð núvitund, slökun, öndunaræfingar og jógastöður í gegnum sögur og ævintýri. Þannig fléttast saman hreyfing, núvitund, líkamsvitund og fjölbreytt orðaforðakennsla. Ræktuð er vitund um andlegt og líkamlegt heilbrigði ásamt því að



efla einstaklings- og félagsfærni nemenda. Umræður um tilfinningar, sjálfstraust, samkennd, samskipti, umbyrðarlyndi, hjálpssemi og trú á eigin getu.

Dyggðir eins og kærleikur, virðing, gleði, vinátta, traust og þakklæti eru hafðar að leiðarljósi. Í jógastundum erum við saman í rólegri stund þar sem við eflum einbeitingu, athygli, hlustun og þolinmæði.

Með því að gera stöðurnar og hinar ýmsu teygjuæfingar eflum við styrk og liðleika líkamans. Umræður um tilfinningar og líðan kennir samkennd, gagnvart sjálfum sér og öðrum. Allt er gert út frá aldri og þroska nemenda.



Hugmyndin að verkefninu kviknaði út frá jógastundunum og fólst í því að flétta núvitund, öndunaræfingar og jóga inn í vettvangsferðirnar. Verkefnið fór af stað með nemendum og kennurum skólans þá um haustið undir verkefnastjórn Sigurbjargar. Í upphafi setti Sigurbjörg saman hefti með núvitundaræfingum, öndunaræfingum og jógastöðum sem kennarar geta stuðst við og unnið með nemendum í vettvangsferðum. Nokkrar nýjar hugmyndir hafa kviknað hjá kennurum og nemendum úti í náttúrunni og hefur þeim verið bætt við. Þetta eru meðal annars jógastöður sem við höfum búið til út frá því sem við sjáum og upplifum í umhverfinu okkar. Verkefnið er hægt að vinna með öllum aldri, einföldum eftir því sem börnin eru yngri. Hugmyndirnar er hægt að nýta hvar og hvenær sem er. Afmælinu var fagnað föstudaginn 1. október 2021 á lágstemmdum nótum í ljósi aðstæðna í samfélaginu, en börn og starfsfólk gerðu sér glaðan dag á þessum merku tímamótum. Síðar í októberbermánuði eins og fram hefur komið var svo þróunarverkefninu Jóga í vettvangferðum hrint úr vör.



Tilgangurinn með jóga í vettvangsferðum er að yfirfæra út í náttúruna hluta af því sem nemendur læra í jógaundum inni. Þau læri að tengja jóga og núvitund við umhverfismennt.

Við eflum skynfærin okkar með því að hlusta, skoða og snerta. Skoðum og lærum um umhverfið, veðurfar, gróður, fuglana, dýrin, göngum vel um og berum virðingu fyrir náttúrunni. Árstíðir, veðurfar, umhverfi og hugmyndir nemenda gefa alltaf nýja upplifun og skynjun. Í leiðinni eru kennarar meðvitaðir um að ræða það sem fyrir augum ber og leggja inn fjölbreyttan orðaforða hjá nemendum. Með vakandi athygli kennum við þeim að njóta og upplifa náttúruna eftir mismunandi árstíðum og veðurfari. Í vettvangsferðum er farið á hin ýmsu svæði í nágrenni leikskólans en okkar aðal útikennslusvæði til fjölda ára eru klettarnir við Grænás og Njarðvíkurskógur.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að miðla til samfélagsins og finna leið til að vekja áhuga bæjarbúa á núvitund, öndunaræfingum og jógaundum í náttúrunni.

Í samvinnu við Reykjanesbæ voru sett skilti á stóra steina á gönguleiðinni í Njarðvíkurskógi og á gönguleiðinni við sjávarsíðuna fyrir aftan Njarðvíkuskóla. Steinarnir eru fjórir á hvorum stað. Á skiltin eru áletraðar einfaldar núvitundaræfingar með hvatningu um að vera í núvitund, staldra við, hugsa inn á við og njóta. Með QR kóða sem er á skiltunum eða fara inn á slóðina gimlijoga.is komast bæjarbúar inn í smáforrit/app sem er rafróbók með skemmtilegum núvitundar-, öndunar-, og jógaundum fyrir allan aldur.

Afrakstur þróunarverkefnisins var gjöf til samfélagsins á þessum merku tímamótum og var verkefnið formlega tekið í notkun í októbermánuði 2021

Við erum þakklát fyrir þann styrk sem við fengum úr Nýsköpunar- og þróunarsjóði Reykjanesbæjar til að gera þetta verkefni að veruleika. Því var okkur sönn ánægja á 50 ára afmæli leikskólans að geta gefið þessa gjöf út í samfélagið okkar. Gjöf sem eflir hreyfingu, núvitund, kærleika, vináttu og samkennd.

Má til gamans geta að Sigurbjörg verkefnastýra hefur verið ötul við að kynna verkefnið fyrir bæjarbúum og öðrum sem sýnt hafa verkefninu áhuga. Hún ásamt öðrum kennurum á Gimli mun gera það áfram með bros á vör.



Verkefnið hlaut núna í sumar árið 2023 Hvatningarverðlaun Reykjanesbæjar enda fellur verkefnið vel að markmiðum menntastefnu Reykjanesbæjar.

Við og jörðin – Sköpunargleði - Mér líður vel – Allir með - Opnum hugann.



Heilsueflandi leikskóli

- a) *Jógaiðkun /núvitund* fellur undir þennan lið, nærir og bætir andlega og líkamlega heilsu
- b) *Leikur að læra verkefnið* okkar þar sem kenndir eru bók-og tölustafir í gegnum hreyfingu, skynjun og leiki fellur einnig vel að heilsueflandi leikskóla.
- c) *Vináttuverkefnið* sem fellur vel að *geðheilsu og vellíðan barnanna*.



d) *Næringaríkt mataræði sem hefur verið unnið með jafnt og þétt í leikskólanum undanfarin ár.*

Að hlúa að andlegri líðan sem og líkamlegri er mikilvægt, því setjum við geðrækt/geðheilsu efst á oddinn í okkar heilsuefandi leikskóla þetta skólaárið. Þar ber hæst þróunarverkefnið Jóga í vettvangsferðum sem við hlökkum til að njóta í heilsuefandi samfélagi.

Snemmtæk íhlutun í málþroska og læsi

Gimli ásamt fimm öðrum leikskólum unnu að þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun í málþroska og læsi í samstarfi við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og Ásthildi Bj.Snorradóttur talmeinafræðing sem leit dagsins ljós á haustönn 2018.

Útbúin var handbók fyrir starfsfólk leikskólans og er tilgangur hennar að bæta þekkingu starfsfólksins á snemmtækri íhlutun með hag barnanna að leiðarljósi.

Markmið handbókarinnar er:

- Að veita starfsfólki auðveldara aðgengi að markmiðum og kennsluaðferðum sem leikskólinn Gimli leggur upp með í læsisstefnu sinni.
- Að vinna eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun í máli og læsi, útskýra verkferla sem og efniviður er kynntur ásamt ýmsum gögnum sem nýtast kennurum í leik og starfi.

Nálgast má handbókina inn á heimasíðu skólans:

<http://gimli.hjalli.is/Snhemmtaek-ihlutun-i-mali-og-laesi->

Sérverkefni

1. Gaman saman /samstarfsverkefni yngri og eldri borgara.

Þróunarverkefni sem staðið hefur yfir í rúm 11 ár. Verkefnið hefur nú þegar fest sig í sessi sem samfélagslegt verkefni þar sem kynslóðir miðla á milli sögum, ljóðum, dansi og síðast en ekki síst ljúfri nærveru, virðingu, umhyggju og vellíðan.



2. Umhverfisverkefni í samstarfi við Njarðvíkurskóla.

Þetta þróunarverkefni er nátengt Grænfánaverkefninu, þar sem umhverfi og náttúra eru aðal markmiðin. Barnalundur er náttúrulegt útikennslusvæði sem Gimli og Njarðvíkurskóli hafa tekið í fóstur og koma nemendur Gimlis og Njarðvíkurskóla til með að vinna að gróðursetningu og hreinsun á svæðinu. Þessi vinna mun efla börnin í umhverfismennt, samfélags- og náttúrufræði.

3. Þróunarverkefni „Leikur að læra – hljóð og stafir“

Leikur að læra er kennsluáferð þar sem börn á aldrinum 2-10 ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leik og hreyfingu á skemmtilegan, líflegan og árangursríkan hátt.

Þróunarverkefnið gengur út á að kenna börnum á aldrinum 2-5 ára hljóð og bókstafi m.a. í gegnum leik og hreyfingu. „Leikur að læra“ vinnur út frá þeim aðferðum sem nú þegar eru notaðar í leikskólanum og fléttar inn í þær leik og hreyfingu til að koma til móts við hreyfipörf barna.

Nánari útfærslu á fagstarfi, hugmyndafræði, markmiðum og leiðum má sjá í skólanámskrá Gimlis á vef skólans gimli.hjalli.is. í myndrænu formi. Þróunarverkefnið „Leikur að læra“ er einnig á vefnum í myndrænu formi. *Leikskólinn varð móðurskóli Leikur að læra í febrúar 2016 og flaggaði Leikur að læra fánanum.* Kennarar á Gimli eru í óðaönn að vinna að gagnabanka sem inniheldur fróðlegar Leikur að læra hugmyndir sem koma til með að nýttast öðrum Leikur að læra skólum. Hugmyndin er að hafa þennan gagnabanka aðgengilegan á vefnum.

4. Vináttuverkefni frá Barnaheill

Samstarfsverkefni á milli Njarðvíkurskóla og Gimlis með áherslu á yngsta stig grunnskólans og elsta stig leikskólans.

Fri for mobberi, er þróað og mótað af Red barnet og Mary Fonden í Danmörku og kom þar fyrst út árið 2007. Spurningakönnun til að meta árangur efnisins var gerð af háskólanum í Hróarskeldu. Verkefnið byggir á nýjustu rannsóknum á



einelti. Í því er unnið að því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Þátttaka allra; barna, starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því.

Efnið byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu leikskólastarfinu og er órjúfanlegur hluti þess í allri vinnu og starfi leikskóla sem vinnur með Vináttu. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og samskipti í leikskólasamfélaginu. Hugmyndafræðin endurspeglast í gildunum fjórum.

- **Umburðarlyndi**

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

- **Virðing**

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi háttarni annarra.

- **Umhyggja**

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

- **Hugrekki**

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Verkefnið fellur vel að hugmyndafræði leikskólans og er kynjanámskráin sem og eineltisáætlun skólans byggð á sömu gildum.

Mat og umbætur

Leikskólinn Gimli stendur á hverju ári fyrir umfangsmiklu innra mati sem er hluti af reglubundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar ehf. samkvæmt samningi Karenar ehf. og Hjallastefnunnar.

Við innra mat á vegum skólans er notast við t.d. gátlista fyrir foreldraviðtöl, skráning á vali og úrvinnsla úr hópatíma. Skráningareyðublöð frá Leikur að læra þar sem mæld er



hreyfigeta og stafabekking frá upphafi skólagöngu, sem fylgir síðan barninu alla leikskólagönguna. Fer skráning fram einu sinni á önn til endurmats.

Á grundvelli niðurstaðna úr innra mati hvers skólaárs vinnur leikskólinn umbótaáætlun.

Starfsmannakönnun

Skólapúlssins á vegum Reykjanesbæjar á vorönn 2023 kom vel út hjá okkur og þar er Gimli í nær öllum þáttum vel yfir meðaltali á landsvísu og þá í jákvæða átt. Þær niðurstöður voru mjög uppbyggilegar fyrir okkur stjórnendur skólans

Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og Menningar- og menntamálaráðuneytis. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af faggildum aðila.

Samstarf við nærsamfélagið

Leikskólinn Gimli leggur sig fram um góð samskipti við nærsamfélagið.

1. Samstarf leik- og grunnskóla /Njarðvíkurskóla sem er okkar heimaskóli Umhverfis-og útikennsluverkefni, heimsóknir nemenda og kennara á milli skólanna, samráðsfundir á milli leik-og grunnskólakennara, sameiginlegur upplýsingabæklingur sem fer til foreldra beggja skólastiga.
2. Verkefnið Gaman saman. Samstarf yngri og eldri borgara /nemendur á Gimli heimsækja Hrafnistu, Dagdvölinu og Selið.
3. Samstarf allra leikskóla Rnb. við Listasafn Rnb. /Listahátið barna.
4. Samstarf við Bókasafn Reykjanesbæjar. Sögustundir.
5. Samstarf við Byggðasafn Reykjanesbæjar og Stekkarkot.

Samstarf við fjölskyldur

Leikskólinn Gimli setur samstarf við foreldra og fjölskyldur leikskólabarnanna í öndvegi. Gimli stendur reglulega fyrir atburðum sem efla samstarf leikskólans og heimilis til að tengja fjölskyldur við leikskólann. Á komandi skólaári er fyrirhugað að halda:

1. Foreldrafundi
2. Foreldraviðtöl
3. Sumargleði
4. Vettvangsferðir með foreldrum í Heilsu- og forvarnarviku Reykjanesbæjar



Foreldrafélag er starfandi í tengslum við skólann og stendur það fyrir margvíslegum uppákomum sem gleðja og fræða börn og foreldra.

1. Jólagleði
2. Páskagleði
3. Sveitaferð
4. Fjölskyldu-og sumarhátíð
5. Leiksýningu
6. Fræðslufundi/fyrirlestra

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og sitja í því ráði þrjár fulltrúar foreldra. Foreldraráð er hluti af stjórnkerfi leikskólans. Foreldraráðið er kosið í sept/okt ár hvert á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvisvar á starfsárinu og *gefur umsögn um starfsáætlun og skóladagatal svo og skólanámskrá leikskólans.*



Umsögn foreldraráðs

Íris Valsdóttir fulltrúi í foreldraráði hefur lesið starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2023-2024 fyrir hönd foreldraráðs leikskólans Gimli.

Það er mat foreldraráðs að í leikskólanum Gimli fer fram metnaðarfullt og faglegt starf sem einkennist af kærleika, virðingu og gleði.

Starfsáætlun leikskólans er vel framsett og farið er ítarlega yfir öll þau mikilvægu atriði sem einkenna starf hans og stefnu.

Starfsfólk í leikskólanum Gimli sinnir starfi sínu með börnunum af alúð og kærleika sem svo endurspeglast í börnunum þegar heim er komið. Starfsfólk og stjórnendur eru ávallt til staðar og sýna umhyggju og skilning í daglegum samskiptum.

Við sem foreldrar höfum lært margt uppbyggilegt af starfinu hér á Gimli sem að nýtist okkur í uppeldi og framkomu, bæði gagnvart börnum okkar og samferðafólki.

Leikskólinn Gimli starfar eftir hugmyndafræði hjallastefnunnar og leggur mikla áherslu á jafnrétti og velferð barna óháð kyni og uppruna. Foreldrar eru vel upplýstir um stefnuna sem og að þeir fá reglulega pósta frá kennurum um hvaða lota er fram undan og hvaða áherslupætti er verið að vinna með hverju sinni.

Leikskólinn Gimli er með framúrskarandi þróunarverkefni sem sýna svo sannarlega hversu skapandi og fjölbreytt nám fer fram í leikskólanum. Þróunarverkefnið Gaman saman þar sem yngsta kynslóðin heimsækir eldri kynslóðina er samfélagsleg prýði sem enn og aftur beinir sjónum sínum að þeirri virðingu og kærleika sem er í hávegum höfð í leikskólanum. Í framhaldi má svo nefna nýasta verkefnið Jóga og núvitund í vettvangsferðum sem bæði börn og foreldrar hafa svo sannarlega notið góðs af.

Það er virkilega jákvæða nálgun í starfi skólans allar þær fjölmörgu vettvangsferðir sem farið er í yfir skólaárið, þar sem lögð er áhersla á núvitund, umhverfisvernd og virðingu fyrir náttúrunni og lífríki hennar. Þar að auki fá börnin reglulega að njóta jógastunda úti við ásamt vikulegum jógatímum inni.

Við foreldrar erum afar þakklát fyrir þá umhyggju og þann metnað sem starfsfólk skólans leggur í starfið með börnunum okkar á degi hverjum.



Leikskóladagatal

Upplýsingar um dagsetningar helstu viðburða í skólastarfinu er að finna í skóladagatali. Það tekur þó einhverjum breytingum sem uppfærðar eru jafn óðum á vefútgáfu skóladagatalsins á Hjallavefnum.

	AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAJ	JUNI	JULI
1 D		1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M		2 L	2 M	2 F	2 L	2 D	2 F	2 L	2 D	2 F	2 S	2 D
3 F		3 S	3 D	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F		4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 D	4 F
5 L		5 D	5 F	5 S	5 D	5 F	5 M	5 D	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S		6 M	6 F	6 M	6 L	6 S	6 D	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M		7 F	7 L	7 D	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 D	7 F	7 S
8 D		8 F	8 S	8 M	8 L	8 M	8 F	8 M	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M		9 L	9 M	9 F	9 S	9 D	9 F	9 L	9 D	9 F	9 S	9 D
10 F		10 S	10 D	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F		11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 D	11 F
12 L		12 D	12 F	12 S	12 D	12 F	12 M	12 D	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S		13 M	13 F	13 M	13 L	13 L	13 D	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M		14 F	14 D	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 S	14 D	14 F	14 S
15 D		15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 L	15 L	15 M
16 M		16 L	16 M	16 F	16 L	16 D	16 F	16 L	16 D	16 F	16 S	16 D
17 F		17 S	17 D	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F		18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 D	18 F
19 L		19 D	19 F	19 S	19 D	19 F	19 M	19 D	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S		20 M	20 F	20 M	20 L	20 L	20 D	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M		21 F	21 L	21 D	21 M	21 S	21 M	21 F	21 S	21 D	21 F	21 S
22 D		22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 M	22 D	22 M	22 M	22 M
23 M		23 L	23 M	23 F	23 L	23 D	23 F	23 L	23 D	23 F	23 S	23 D
24 F		24 S	24 D	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F		25 M	25 L	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 D	25 F
26 L		26 D	26 M	26 S	26 D	26 F	26 D	26 M	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S		27 F	27 F	27 M	27 L	27 L	27 D	27 M	27 L	27 M	27 L	27 L
28 M		28 F	28 L	28 D	28 F	28 S	28 M	28 F	28 D	28 D	28 F	28 S
29 D		29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 M	29 M	29 M	29 L	29 M
30 D		30 L	30 F	30 L	30 M	30 D	30 L	30 D	30 F	30 F	30 D	30 D
31 F		31 D		31 S	31 M			31 S	31 F			31 M

<https://gimli.hjalli.is/Skolastarfid/Skoladagatal>



Lokaorð

Starfsmannahópurinn á Gimli heldur nú sem fyrr ótrauður áfram við að skapa lærdómsríkt og gefandi skólasamfélag nemendum til heilla.

Mikilvægt er að við stjórnendur missum ekki sjónar á þeim mikilvægu gildum sem þarf að hafa að leiðarljósi við að halda uppbyggilegu og vönduðu fagstarfi gangandi. Jákvætt viðhorf, ástríða og metnaður fyrir leikskólastarfinu er lykillinn af því.

Lærdómssamfélagið á Gimli einkennist af fagmennsku, samvinnu, sameiginlegri sýn, starfsþróun, samábyrgð. Lögð er áherlsa á lýðræðisleg vinnubrögð ásamt því að dreifa ábyrgð og forystu. Það setjum við okkur sem markmið og tileinkum okkur í hvívetna.

Við kennarar hlökkum til að vinna áfram að uppbyggilegum verkefnum á skólaárinu 2023-2024 með okkar yndslegu nemendum og frábæru foreldrum á Gimli.

Með kærleikskveðju til allra sem þetta lesa.

S. Karen Valdimarsdóttir,
rekstrar-og leikskólastýra

Guðrún Sigurðardóttir,
aðstoðarleikskólastýra